



93. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Teams fjarfundabúnaði (vegna Covid-19) miðvikudaginn 30. september 2020 kl. 13:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Friðrik Sigurbjörnsson, Engilbert Olgeirsson, Sindri Bernholt, Eydís Indriðadóttir, Sigríður Karólína Viðarsdóttir fulltrúi FOMEL, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri og Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari. Freyja Rós Haraldsdóttir kom inn á fundinn undir lið 4. Sandra Dís Hafþórsdóttir og Elín Una Jónsdóttir, fulltrúi kennara, boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Staðan í Menntaskólanum að Laugarvatni Covid-19 veturinn 2020-2021
2. Afkoma mötuneytis eftir skólaárið 2019-2020
3. Deiliskipulagsstillaga Bláskógabyggðar vegna svæðis í kringum ML
4. Kynning á sjálfsmatsskýrslu ML 2019
5. Önnur mál

Gunnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Staðan í Menntaskólanum að Laugarvatni Covid-19 veturinn 2020-2021

Skólameistari lýsti stöðunni í ML eins og hún er núna. Nemendum var skipt upp í þrjú sóttvarnarhólf, þ.e. einn bekkur er í húsinu í einu. Skipulaginu verður breytt frá og með næstu viku en þá verða 2. – og 3. bekkur saman í húsi, en 1. bekkur sér. Þannig mun nást nokkuð betra jafnvægi milli bekkja á því hve mikið þau eru í staðnámi. Sindri lýsti því að þessi staða er miserfið fyrir nemendur en flestum finnist þetta vera nokkuð einfalt skipulag. Friðrik spurði um starfsemi nemendafélagsins. Sindri sagði að nokkrir úr stjórn Mímis hefðu farið á Laugarvatn og verið með hópefli fyrir fyrsta bekk. Ýmsar hugmyndir eru uppi á borðinu í því sambandi. Erfitt er að ná fram tengslum nýnema við eldri bekki.

2. Afkoma mötuneytis eftir skólaárið 2019-2020

Neikvæð afkoma mötuneytisins er áætluð 11,6 milljónir síðasta skólaár. Starfsfólk var á launum síðasta vor þegar engir nemendur voru á svæðinu. Gunnar mælti með því að bera stöðuna undir menntamálaráðherra sem skólameistari áætla að gera.

3. Deiliskipulagsstillaga Bláskógabyggðar vegna svæðis í kringum ML

Skipulagið verður auglýst á morgun og þá eru 6 vikur gefnar til athugasemda. Ákveðið að halda aukaskólanefndarfund síðar þegar nefndarmenn hafa rýnt í skipulagið og kallað eftir frekari upplýsingum.

4. Kynning á sjálfsmatsskýrslu ML 2019



Freyja kom inn á fundinn og kynnti helstu niðurstöður sjálfsmatsskýrslu ML 2019. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu ML. Niðurstöðurnar leiddu það af sér að skólinn setti sér ýmis markmið í umbótaáætlun. Freyja kynnti líka þá áætlun sem liggur fyrir þetta skólaárið, má þar nefna könnunin Ungt fólk frá Rannsóknum og greiningu. Freyja lagði áherslu á mikilvægi þessa að vinna úr þeim gögnum sem fást með þessari vinnu. Gunnar tók undir það. Nokkrar umræður sköpuðust um sjálfsmatsskýrsluna og einnig spurði Gunnar um það hversu auðvelt það er fyrir nemendur sem eru ekki á svæðinu að hafa samband ef nemendum líður illa. Jóna Katrín sagði að nemendur geti alltaf hringt og haft samband við námsráðgjafa t.d. Hún ætlar að ræða það við aðra skólameistara hvort einhver leið sé fyrir nemendur í þessu covid-ástandi að ræða við jafningja eða aðra til að styrkja andlega líðan.

Fundargerð lesin upp og staðfest. Fundi slitið kl. 14:07.

Fundargerð ritaði Áslaug Harðardóttir.